

Ed.

215. Frumvarp til laga

[92. mál]

um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Hans Samúelssyni stýrimanns-skirteini á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Siglingamálaráðherra skal heimilt að veita Hans Samúelssyni, stýrimanni, Bræðraborgarstíg 19, Reykjavík, undanþágu frá því að ganga undir farmannapróf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og láta honum í té stýrimanns- og skipstjóraskirteini á fiski- og verzlunarskipum af hvaða stærð sem er, enda fullnægi hann ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946 um siglingatíma. Skulu próf hans frá sjómanna-skólanum í Marstal í Danmörku jafngilda íslenskum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hans Samúelsson (áður Hans Rasmussen), er fæddur hinn 27. júlí 1924 í Færeyjum.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 12. maí 1967 öðlaðist hann íslenskan ríkisborgararétt. Hann lauk skipstjóraprófi frá sjómannaskólanum í Marstal, Danmörku, hinn 21. júní 1960.

Skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur með bréfi til samgöngumálaráðuneytisins, dagsettu 16. október 1967, tekið fram að Hans Samúelsson hafi samkvæmt prófvottorði útgafu 21. júní 1960 staðizt danskt skipstjórapróf (skibsförereksamen), en það próf jafnist fyllilega á við farmannapróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Þar sem téður Hans hafi nú fengið íslenskan ríkisborgararétt, telur skólastjórinn eðlilegt, að Hans hljóti þau réttindi, sem íslenska farmannaprófið veiti.

Um útgáfu stýrimanns- og skipstjóraskirteinis færi svo samkvæmt lögum um atvinnu við siglingar.

Fylgiskjal.

STÝRIMANNASKÓLINN

Reykjavík, 16. október 1967.

Samgöngumálaráðuneytið, Reykjavík.

Með bréfi, dags. 13. þ. m., sendi ráðuneytið mér til umsagnar, hvort unnt sé að veita Hans Samúelssyni (áður Hans Rasmussen), Bræðraborgarstíg 19, Reykjavík, íslensk skipstjórarréttindi með sérstökum lögum. Vil ég vegna þess leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Samkvæmt prófvottorði útg. 21. júní 1960, hefur Hans Samúelsson staðizt danskt skipstjórapróf (skibsförereksamen), en það próf jafnast fyllilega á við farmannapróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Þar sem téður Hans hefur nú fengið íslenskan ríkisborgararétt, teldi ég eðlilegt, að hann hlyti þau réttindi, sem farmannaprófið íslenska veitir. Um útgáfu stýrimanns- og skipstjóraskirteinis færi svo samkv. lögum um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Fylgiskjölín endursendast hér með.

Virðingarfyllst,

Jónas Sigurðsson.